

fiskimannasambandi Íslands, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. ágúst 1963.

Nr. 5/1963.

**Stéttarfélag verkfræðinga**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

**Samgöngumálaráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins.** (Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómari sérstaklega nefndur í stað Gunnlaugs E. Briem, Þórður Björnsson sakadómari.

Sýknað af kæru um brot á 18. gr. laga nr. 80/1938.

**Dómur:**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 29. júlí þ. á., af Stéttarfélagi verkfræðinga gegn Samgöngumálaráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og eru dómkröfur stefnanda þær:

1. að dæmt verði, að með ráðningu verkfræðinganna Snæbjarnar Jónassonar, Helga Hallgrímssonar, Sigfúsar Arnar Sigfússonar og Jóns Birgis Jónssonar til Vegagerðar ríkisins hafi stefndi gerzt brotlegur við 18. gr. laga nr. 80/1938, og að ráðning verkfræðinganna hafi af þeim sökum verið ólögmat eins og á stóð.

2. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt í ríkissjóð samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938.

3. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í ársbyrjun 1954 var Stéttarfélag verkfræðinga stofnað og voru stofnendur launþegar í þjónustu einkafyrirtækja, Reykjavíkurborgar og ríkisstofnana. Sama ár komust á kjarasamningar milli félagsins og ýmissa vinnuveitenda og í nóvember það ár gerði félagið kjarasamning við fjármálaráðuneytið vegna ríkisstofnana og tóku margir af verkfræðingum þeim, er hjá ríkisstofnunum unnu, laun samkvæmt þeim samningi. Næsti kjarasamningur við ríkið var gerður 28. júlí 1955 og enn var undirritaður nýr samningur 25. júní 1957. Gilti hann til 1. des. 1959, en féll þá niður fyrir uppsögn. Stefnandi kveðst þó hafa heimilað félagsmönnum sínum að vinna áfram hjá ríkisstofnunum með þeim kjörum, er samningurinn frá 1957 kvað á um, þar til annað yrði ákveðið og mun hafa við það staðið til 14. júlí 1961, en þá afturkallaði stefnandi, að eigin sögn, þá heimild og boðaði vinnustöðvun frá og með 24. júlí 1961. Samtímis kveðst stefnandi hafa heimilað félagsmönnum að ráðast í vinnu hjá vinnuveitendum, þ. á m. ríkisstofnunum, ef farið væri eftir ráðningarskilmálum, er stéttarfélagið setti 11. júlí s. á. Segir stefnandi, að ríkisstofnanir hafi ekki þá notfært sér nefnda heimild verkfræðinganna, en hins vegar hafi ýmsar þeirra ráðið verkfræðinga til starfa á árinu 1962 gegn þeim greiðslum, sem fullnægt hafi nefndum kjörum, án þess þó að viðurkenna nefnda ráðningarskilmála opinberlega.

Af hálfu stefnda er þessu atríði hins vegar mótmælt og heldur hann því fram, að nefndir ráðningarskilmálar frá 11. júlí 1961 hafi hvorki verið viðurkenndir af hálfu ríkisvaldsins né einstakra stofnana þess.

Hinn 2. maí 1962 voru gefin út bráðabirgðalög um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf og voru þau síðar staðfest af Alþingi og gefin út sem lög nr. 46/1963. Í þeim lögum er svo mælt, að þóknun fyrir ákvæðisvinnu og tíma-vinnu verkfræðinga skuli eigi vera hærrí en lögín mæla fyrir um. Jafnframt er svo kveðið á í 1. gr. laganna, að þau skuli gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör

verkfræðinga, er vinna hjá ríkisstofnunum, hafi tekið gildi.

Haustið 1962 sendi stefnandi fjármálaráðuneytinu tilögum um nýjan kjarasamning og óskaði eftir viðræðum um samninga, en ráðuneytið sinnti eigi þeim tilmælum félagsins og eigi heldur sams konar málaleitun í maímánuði s.l. Hinn 18. júní s.l. tilkynnti stefnandi fjármálaráðuneytinu, að hann mundi hefja vinnustöðvun hjá öllum stofnunum ríkisins hinn 27. júní, ef samningar hefðu eigi tekizt fyrir þann tíma. Eigi varð úr neinum viðræðum og kveður stefnandi, að verkfall hafi komið til framkvæmda hjá ríkisstofnunum síðast nefndan dag.

Eftir gildistöku áður nefndra bráðabirgðalaga samdi Vegagerð ríkisins um ákvæðisvinnu tímabilið 1. nóv. 1962 til 1. júlí 1963 við fimm verkfræðinga, þar á meðal þrjá af þeim, sem nafngreindir eru í dómkröfum stefnanda. Kveður stefndi, að umsamin ákvæðisvinnuþóknun hafi verið ákveðin í samræmi við fyrirmæli bráðabirgðalaganna. Hafi nefndir verkfræðingar unnið hjá Vegagerðinni að ákveðnum verkum, svo sem um var samið, til 1. júlí 1963 og eigi lagt niður vinnu, er verkfall skyldi hefjast 27. júní s.l.

Í 90. töl. Lögbirtingablaðsins, er út kom 13. júlí s.l. auglýsti samgöngumálaráðuneytið til umsóknar sex verkfræðingastöður og eina stöðu deildarverkfræðings hjá Vegagerð ríkisins. Segir í auglýsingu þessari, að laun verði samkvæmt hinu almenna launakerfi opinberra starfsmanna. Umsóknarfrestur var til 23. júlí s.l. Um stöður þessar sóttu verkfræðingarnir Snæbjörn Jónasson, Helgi Hallgrímsson, Sigfús Örn Sigfússon og Jón Birgir Jónsson, sem allir höfðu áður starfað hjá Vegagerðinni, og nú síðast samkvæmt framangreindum ákvæðisvinnusamningi, að undanskildum Jóni Birgi. Eru þrír þeir fyrstnefndu félagsmenn í Stéttarfélagi verkfræðinga, en sá síðastnefndi, Jón Birgir, hefur að sögn stefnanda eigi enn verið formlega tekinn í félagið.

Hinn 23. júlí þ. á. skipaði samgöngumálaráðherra Snæbjörn Jónasson til að vera deildarverkfræðing hjá Vega-

gerð ríkisins, en hinir þrír voru af ráðherra sama dag skipaðir verkfræðingar hjá sömu ríkisstofnun. Er tekið fram í skipunarbréfum allra, að launin skuli vera, „í samræmi við hið almenna launakerfi starfsmanna ríkisins.“ Þá segir ennfremur í skipunarbréfinu: „Ber yður í téðu starfi að fara eftir lögum þeim og reglum, sem um það gilda og gegna starfinu vel og samvizkusamlega, eins og opinberum starfsmanni hlýðir og sæmir“. Í skipunarbréfunum er þess einnig getið um hvern verkfræðing, við hvaða tíma starfsaldur hans skuli miðast og samkvæmt hvaða launaflokki hann taki laun.

Þessi skipun framangreindra verkfræðinga varð tilefni þessarar málssóknar. En dómkröfur sínar styður stefnandi þeim rökum, að verkfræðingar, sem gegna störfum þeim eða stöðum, sem framangreindir fjórir verkfræðingar voru skipaðir í, séu ekki opinberir starfsmenn. Þeir séu hins vegar félagsmenn í stéttarfélagi, sem starfi samkvæmt lögum nr. 80/1938, og sé þannig samningsaðili um starfskjör félagsmanna sinna. Hins vegar séu nefndir verkfræðingar ekki félagar í BSRB og lúti því ekki lög-sögu Kjaradóms um kjör sín og kaup. Hafi ríkisvaldið og stofnanir þess viðurkennt þessa réttarstöðu Stéttarfélags verkfræðinga og félagsmanna þess með því að gera við það kjarasamninga, svo sem að framan er rakið. Stéttarfélag verkfræðinga hafi nú boðað og hafið vinnustöðvun, sem lögmæt sé samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938. Hún nái til þeirra verkfræðinga, sem um ræðir í þessu máli. Sé ráðning þeirra eða skipun í störf hjá Vegagerðinni samkvæmt áðurgreindum skipunarbréfum þeirra því eins og á standi ólögmæt og verkfallsbrot gagnvart stefnanda, stéttarfélagi þeirra, og brýnt brot á ákvæðum 18. gr. laga nr. 80/1938, sem refsivert sé samkvæmt 70. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hann hafi á nokkurn hátt gerzt brotlegur við 18. gr. framangreindra laga með skipun oftnefndra verkfræðinga í stöður hjá Vegagerð ríkisins. Heldur hann því fram, að verkfræðingar þeir, sem um ræðir í máli þessu og skipaðir voru í stöður

hjá Vegagerðinni 23. júlí s.l., hafi til 1. júlí þ. á. unnið hjá Vegagerðinni samkvæmt áður nefndu samkomulagi um ákvæðisvinnu. Það samkomulag hafi hins vegar farið eftir ákvæðum bráðabirgðalaganna frá 2. maí 1962, er ákveðið hafi þóknun fyrir verkfræðistörf í ákvæðis- og tímavinnu hjá ríkisstofnunum. Ákvæði þeirra laga gildi þar til samningar takist um önnur kjör. Verkfallsboðun stefnanda, er koma átti til framkvæmda 27. júní s.l., hafi þannig eigi getað náð til umræddra verkfræðinga, er bundnir voru ákvæðisvinnusamningi til 1. júlí s.l. og háðir ákvæðum bráðabirgðalaganna, nú laga nr. 46/1963. Vegna fyrirmæla þeirra laga hafi stefnanda verið óheimilt að beita vinnustöðvun til þess að þvinga fram betri kjör til handa nefndum verkfræðingum, en lögin mæltu fyrir um, og brjóti verkfall hans að því leyti í bága við landslög. Þá geti stefnandi eigi samkvæmt samþykktum sínum meinað félagsmönnum, að gerast opinberir starfsmenn, enda sé gert ráð fyrir því í samþykktum Stéttarfélags verkfræðinga, að félagsmenn geti verið háðir fyrirmælum laga um starfsmenn í þjónustu hins opinbera, en ríkisvaldinu sé bæði rétt og skylt að ráða í sína þjónustu fasta starfsmenn, er lúti ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo sem laga nr. 38/1954 og laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Skipun verkfræðinganna fjögurra, sem samgöngumálaráðherra hafi reyndar haft sérstaka heimild til að framkvæma samkvæmt 7. gr. vegalaganna, geti ríkisvaldið annars almennt reist á framangreindum rétti sínum, en þeim rétti geti stéttarfélag hvorki hnekktt með verkfalli né kjarasamningi. Skipti þannig eigi máli, hvort skipun umræddra verkfræðinga í stöður fór fram meðan vinnustöðvun stóð yfir eða á öðrum tíma. Af þessu leiði að verkfall stefnanda hamli því eigi, að félagsmenn hans sæki um og taki við störfum hjá ríkisstofnunum sem opinberir starfsmenn. Hins vegar sé vinnustöðvun stefnanda ólögmet samkvæmt 2. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938, þar sem hún miði bæði að því, að knýja ríkisvaldið til þess að framfylgja ekki ákvæðum laga nr. 46/1963 um há-

markspóknun fyrir verkfræðistörf og feli auk þess í sér þvingun í þá átt, að ríkisvaldið notfæri sér ekki lagalegan rétt sinn til þess að ráða menn í stöður hjá ríkisstofnunum með réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Telur stefndi, að vinnustöðvun stefnanda er hófst 27. júní s.l., njóti eigi verndar samkvæmt 18. gr. laga nr. 80/1938, og eigi því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Svo sem áður er rakið voru stöður þær hjá Vegagerð ríkisins, sem um ræðir í máli þessu, auglýstar til umsóknar í Lögbirtingablaðinu og þar greint, að um laun fari eftir launakerfi opinberra starfsmanna. Umsækjendur voru því næst skipaðir í stöðurnar af samgöngumálaráðherra, en í 7. gr. laga nr. 34/1947 segir, berum orðum, að ráðherra skipi vegamálastjóra verkfræðinga og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, sbr. og 2. gr. laga nr. 38/1954. Með skipun ráðherra í stöður þessar 23. f. m. urðu verkfræðingarnir Snæbjörn Jónasson, Helgi Hallgrímsson, Sigfús Örn Sigfússon og Jón Birgir Jónsson opinberir starfsmenn með réttindum og skyldum slíkra manna, sbr. lög nr. 38/1954 og lög nr. 33/1915 og háðir þeim launakjörum, sem opinberir starfsmenn búa við samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/1962. Skipun þessara verkfræðinga í opinbera stöðu, með þeim hætti, sem lýst hefur verið, en þrír þeirra voru félagsmenn í Stéttarfélagi verkfræðinga, braut eigi í bága við ákvæði 18. gr. laga nr. 80/1938 og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4000.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Samgöngumálaráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stéttarfélags verkfræðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 4000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.